

Alþingi
Erindi nr. P 139/2054
komudagur 20.4.2011



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarástígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Fylgibréf

Sendandi: **Hermann Ingólfsson**
Dags: **18.04.2011**
Tilvísun: **UTN11030173/03.G.002; 97.S.010**
Málefni: **Tillaga til þingsályktunar um stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 306. mál**

Hjálagt fylgir umsögn utanríkisráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. 139. löggjafarþing 2010 - 2011. Þskj. 369 - 306.



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Hr. Árni Þór Sigurðsson
Formaður utanríkismálanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 14. apríl 2011
UTN11030173/03.G.002; 97.S.010
EG/höi

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 369 – 306.

Utanríkisráðuneytið telur ágæt rök mæla með því að skoðaðir verði kostir þess að alþjóðlegur björgunarskóli verði starfræktur á Íslandi. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er mikil þekking á björgunarstörfum á Íslandi sem byggist á margþættri reynslu, svo sem af björgun úr sjávarháska, vegna snjóflóða, af jöklum og af völdum jarðskjálfta og flóða. Ráðuneytið tekur undir það sjónarmið að öflugt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar geti reynst traustur grundvöllur fyrir starfsemi björgunarskóla.

Þekking Íslendinga á björgunarmálum getur haft alþjóðlega þýðingu. Að mati ráðuneytisins ætti hugsanlegur björgunarskóli að ná til menntunar og þjálfunar einstaklinga frá bæði velmegandi ríkjum og þróunarríkjum. Stofnanir og innviðir ríkja í fyrrnefnda hópnum eru sambærileg því sem hér þekkist, auk þess sem eðli málsins samkvæmt byggist sérþekking Íslendinga á björgunarstörfum á norðlægum slóðum. Undanfarin misseri hafa Norðurlöndin haft til skoðunar hugmyndir um aukið samstarf á sviði alþjóðlegra björgunarstarfa. Viðræður landanna hófust í kjölfar skýrslu Thorvald Stoltenberg frá febrúar 2009 sem unnin var að ósk norrænu utanríkisráðherranna og fól meðal annars í sér hugmyndir um sameiginlega norræna viðbragðssveit og samstarf á sviði þjálfunar. Nú er verið að taka fyrstu skrefin að því takmarki að Norðurlöndin samræmi og samnýti þjálfun og námskeiðahald. Vinnur utanríkisráðuneytið með Slysavarnafélaginu Landsbjörgu að mótun hugmynda um aðkomu Íslands að þessu starfi.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna (HSP) var settur á stofn árið 1973 til að styrkja alþjóðlegt samstarf á milli Sameinuðu þjóðanna, háskóla og fræðastofnana með sérstaka áherslu á þróunarríkin. Markmið skólans er meðal annars að tengja vísindamenn víðs vegar að úr heiminum og að efla rannsóknir og menntun á sviðum sem eru ofarlega á baugi hjá SP, annars vegar umhverfismálum og sjálfbærri þróun og hins vegar friði og góðum stjórnarháttum. Sextán skólar mynda net HSP, þar af þrjú hér á landi, Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn og Landgræðsluskólinn. Að auki starfar á Íslandi alþjóðlegur jafnréttisskóli sem vonir standa til að verði hluti af HSP á komandi misserum. Kjarni starfsins

er sex mánaða námsdvöl sérfræðinga frá þróunarríkjum á Íslandi og hafa samtals komið 680 einstaklingar til slíkrar dvalar frá upphafi. Starfsemi allra skólanna fjögurra er fjármögnuð með framlögum utanríkisráðuneytisins til þróunarmála.

Jarðhitaskólinn er elstur skólanna hér á landi. Hann var stofnaður árið 1979 og hefur að markmiði að byggja upp getu og færni meðal sérfræðinga frá þróunarlöndum í nýtingu jarðhita. Sjávarútvegsskólinn hóf starfsemi árið 1998, en markmið hans er að efla sérfræðiþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum í þróunarríkjum.

Landgræðsluskólinn hóf störf sem tilraunaverkefni árið 2007 og varð formlega hluti af neti HSP í febrúar 2010 þegar skrifað var undir samstarfssamning þar að lútandi. Markmið skólans er að þjálfva sérfræðinga frá þróunarlöndum sem glíma við jarðvegseyðingu og eyðimerkurmyndun í landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands.

Í janúar 2009 var tilraunaverkefni um alþjóðlegan jafnréttisskóla komið á fót í samstarfi utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands. Skólinn byggir á sömu hugmyndafræði og skólar HSP á Íslandi um menntun og þjálfun sérfræðinga frá þróunarríkjum. Uppbygging skólans hefur gengið samkvæmt áætlun en í ljósi efnahagsaðstæðna nokkuð hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ekki hefur verið tímabært að óska formlega eftir því að skólinn verði hluti af HSP, sem mun gerast að undangenginni úttekt óháðra aðila sem enn hefur ekki farið fram.

Í tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014 sem utanríkisráðherra mælti fyrir á Alþingi hinn 17. febrúar síðastliðinn kemur fram að mikilvægt sé að skerpa sýn í málaflokknum og dreifa kröftum ekki um of. Þar kemur jafnframt fram að skýrari forgangsröðun endurspeglar í því að lögð verði áhersla á störf fjögurra alþjóðastofnana og er ein þeirra Háskóli Sameinuðu þjóðanna. Áætlunin tekur tillit til þess að tveir skólar á vegum HSP hafa verið starfræktir á Íslandi um árabíl, uppbyggingarstarf er framundan við starfrækslu Landgræðsluskólans, auk þess sem unnið er að því að jafnréttisskólinn bætist í hópinn. Í ljósi mikils samdráttar á framlögum til þróunarmála á síðustu árum er brýnt að þegar framlög vaxa á nýjan leik beini stjórnvöld kröftum sínum að þeim skólum sem þegar hefur verið komið á fót. Áætlunin gerir því ekki ráð fyrir að stefnt verði að enn frekari fjölgun skóla.

Í áætluninni kemur einnig fram að alþjóðleg neyðar- og mannúðaraðstoð sé vaxandi þáttur í þróunarstarfi Íslands. Skemmst er að minnast starfa Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar á jarðskjálftasvæðunum á Hafrí, en aðgerðir sveitarinnar byggðust á samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá árinu 2008. Sveitin er á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar og starfar erlendis í umboði íslenskra stjórnvalda. Landsbjörg tekur einnig þátt í alþjóðlegri samhæfingu og samráði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með stuðningi utanríkisráðuneytisins.

Í ljósi ofangreinds er það mat utanríkisráðuneytisins að starfsemi alþjóðlegs björgunarskóla á Íslandi geti verið áhugaverður kostur. Skólinn ætti ekki að takmarkast við menntun einstaklinga frá þróunarríkjum og þyrftu því sérstakar fjárveitingar að renna til reksturs hans. Þegar fram líða stundir gæti starfsemin að hluta miðast við þarfir þróunarríkja og kæmi þá til framlag af fjárveitingum stjórnvalda til þróunarmála. Aðild skólans að HSP gæti komið til skoðunar á síðari stigum þegar skólinn hefði sannað gildi sitt.

Að lokum skal á það bent að samkvæmt reglugerð nr. 177/2007 um stjórnarráð Íslands og lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fer utanríkisráðuneytið með mál er varða þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp.

F.r.
